

Dagskrárbreytingatillaga fyrir fund bæjarráðs Hveragerðisbæjar sem haldinn er þann 3. desember 2020.

Lagt er til að fjallað verði um lið 8 í fundargerð Skipulags- og mannvirkjanefndar Hveragerðisbæjar frá 1. desember s.l. sérstaklega í ljósi þess að frestur til að skila athugasemdum er til 9. desember en bæjarstjórn hittist ekki fyrr en þann 10. desember n.k..

Liður 8.

Mál nr. 202011586077 - Breyting á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningsshrepps 2008-2020 - Nýtt deiliskipulag - Skipulags- og matslýsing

Lögð fram til umsagnar skipulags- og matslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningsshrepps 2008-2020, gerð af Eflu verkfræðistofu, dags. 8. október 2020. Fyrirhuguð er breyting á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningsshrepps 2008-2020, sem felur í sér að skilgreina iðnaðarsvæði á Folaldahálsi á jörðinni Króki (L170822). Í deiliskipulagi fyrir sama svæði verður gerð grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum á svæðinu og settir fram skilmálar um landnotkun, byggingar og vernd náttúru- og menningarminja. Fyrirhugað er að reisa á svæðinu 3,9 MW gufuafsvirkjun og að þar verði 3 borholur ásamt gufuskilju, gufuháfur ásamt gufulögnum og öðrum búnaði gufuafsvirkjunar auk stöðvarhúss og kæliturnna. 11 kV jarðstrengur verður lagður að bænum Krók í Grafningi og tengdur inn á dreifikerfi RARIK. Rafmagn frá virkjuninni verður nýtt fyrir sumarhúsabyggð og mögulega aðra starfsemi í landi Króks. Frestur til að gera athugasemdir við lýsinguna er til 9. desember nk.

Afgreiðsla Skipulags- og mannvirkjanefndar var svohljóðandi:

Nefndin bendir á að Hengilssvæðið, sem nær m.a. til hluta Grafningsshrepps og Grændals er á náttúruminjaskrá (752) vegna stórbrotins landslags, fjölbreytni í jarðfræðilegri gerð og jarðhita.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur tilnefnt Grændal í B-hluta náttúruminjaskrár vegna vistgerða á landi og ferskvatnsvistgerða þar sem nýting til orkuvinnslu er talin til helstu ógna og að friða þurfi svæðið fyrir orkuvinnslu. Álfatjörn, Kattartjarnir og stórt landsvæði norðvestur af þeim nýtur hverfisverndar (HV13) sbr. Aðalskipulag Grímsnes og Grafningsshrepps 2008-2020 en í greinargerð aðalskipulagsins segir að jarðrask á hverfisverndarsvæðinu sé með öllu óheimilt og einvörðungu verði leyfð takmörkuð mannvirkjagerð sem tengist útivist á svæðinu.

Iðnaðarsvæðið, eins og það er afmarkað á myndum 1-4. í skipulagslýsingu er við austurbakka Álfatjarnar á um 300m breiðri landræmu á milli hverfisverndarsvæðis H13 og Grændalssvæðisins, þar sem náttúra er hvað stórbrotnust á Hengilssvæðinu.

Að mati nefndarinnar liggja almannahagsmunir miklu frekar í verndun svæðisins en röskun þess til minniháttar orkunýtingar. Nefndin leggur því til við bæjarstjórn að fyrirhuguðum virkjunaráformum á Folaldahálsi á jörðinni Króki verði harðlega mótmælt.

Aldís Hafsteinsdóttir
Bæjarstjóri.